

Dags eftirlits	7.7.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kjartan Guðmundsson
Fyrirtæki	Veiðifélag Landmannafréttar	Eftirlitsmaður	Kjartan Guðmundsson
Heimili	Hjallanesi 2, Rangárþing	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630580	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Hafsteinn Hannesson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Vignir Þorsteinsson	Staðsetning	

Niðurstaða eftirlits

Átta frávík komu fram við eftirlit. Lífmassi var yfir mörkum árin 2022, 2023 og 2024. Ársyfirlit fyrir árin 2022, 2023 og 2024 var ekki skilað á fullnægjandi hátt. Þá fór losun á fosfór og köfnunarefni yfir mörk árin 2022 og 2023.

Umfang eftirlits

Farið var í reglubundið eftirlit með starfsleyfi fyrir eldi á laxfiskseiðum hjá Veiðifélagi Landmannafréttar að Götu í Rangárþingi Ytra í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Hámarkslífmassi eldisstöðvar miðast við 50 kg af laxfiskum (urriða) á hverjum tíma. Í Götu fer fram seiðaeldi.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni, skipulag og skoðunarferð
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum

Niðurstaða eftirlits

1. Staða frá síðasta eftirliti

Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti. Engin opin eldri frávík eru opin.

2. Áhættumat

Áhættumat fyrirtíðni eftirlits fyrir árið 2025 var yfirfarið í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

3. Skil samkvæmt starfsleyfi – lífmassi og ársyfirlit

Núverandi starfsleyfi kveður á um að heildarlífmassi skuli ekki vera meiri en 50 kg á hverjum tíma.

Ársyfirlit 2022: Lífmassi í lok árs 382,9 kg – yfir mörkum starfsleyfis (frávík frá gr. 1.2).

Ársyfirlit 2023: Lífmassi í lok árs 486,6 kg – yfir mörkum starfsleyfis (frávík frá gr. 1.2).

Ársyfirlit 2024: Lífmassi í lok árs 615 kg og að meðaltali 402,7 kg yfir árið – yfir mörkum starfsleyfis (frávík frá gr. 1.2).

Öll frávik vegna lífmassa eru útistandandi.

Ársyfirliti 2022 var skilað 18. desember 2023 sem hluta af úrbótaáætlun við lokun fyrri frávíka, en í það vantaði umhverfisupplýsingar (frávik frá gr. 4.1). Ársyfirliti 2023 og 2024 var skilað á réttum tíma, en í báðum tilvikum vantaði umhverfisupplýsingar (frávik frá gr. 4.1).

Uppfært ársyfirlit 2024 barst stofnuninni 21. júlí 2025 og er frávik vegna þess lokað. Útistandandi eru frávik vegna ófullnægjandi skil á ársyfirliti 2022 og 2023.

4. Losun fosfórs og köfnunarefnis

Útreikningar út frá gögnum í ársyfirlitum 2022 og 2023 sýna að losun fosfórs og köfnunarefnis var yfir mörkum bæði árin (frávik frá gr. 3.4).

2022: Fosfór 19,6 kg/tonn, köfnunarefni 106,1 kg/tonn.

2023: Fosfór 13,6 kg/tonn, köfnunarefni 73,5 kg/tonn.

Út frá fódurútreikningum fyrir árið 2024 var losun fosfórs 6,9 kg/tonn og köfnunarefnis 37,2 kg/tonn af framleiddum fiski, sem er innan marka starfsleyfis. Þar sem losun árið 2024 er innan marka teljast frávikin fyrir 2022 og 2023 lokið.

5. Uppfærðar áætlanir

Rekstraraðili hefur skilað uppfærðri neyðaráætlun, áætlun vegna meðhöndlunar úrgangs og uppfærðri áætlun um rekstrarstöðvun.

6. Umgengni, skipulag og skoðunarferð

Umgengni við lóð og aðkomu er ábótavant. Rekstraraðili leigir húsið af öðrum aðila sem nýtir hluta aðstöðunnar sem geymslu. Plastker eru geymd utandyra vegna skorts á plássi og ýmislegt annað efni og búnaður geymt á lóðinni án skipulags. Hluti af þessum búnaði getur fokið í roki og skapað hættu eða óreiðu. Mikill arfi og gróður hefur náð að vaxa innan seiðastöðvar. Þá er mikið um gamalt og ónýtt dót í geymslum.

Farið var í skoðunarferð um svæðið, bæði í klakhús og eldishús. Frárennsli var skoðað og þótti ekki gefa tilefni til athugasemda.

7. Geymsla hættulegra efna

Farið var yfir geymslu hættulegra efna og öryggisblöð.

8. Kynning á fylgigögnum

Rekstraraðili fékk kynningu á breyttri gjaldskrá Umhverfis- og orkustofnunar, breytingu á fyrirkomulagi eftirlita stofnunarinnar og áhersluverkefni um mengaðan jarðveg, auk leiðbeininga um olíuskiljur.

Frávik frá

Grein 1.2 í starfsleyfi

Lýsing á frávikum

Heildarlífmassi var 486.6 kg í lok árs 2023, sem er yfir mörkum starfsleyfis

Ábendingar

Ábending: Umgengni á lóð er ábótavant. Töluvert af búnaði sem tilheyrir ekki fiskeldi í húsinu og búnaður fyrir utan stöð sem getur fokið. Minnt er á grein 2.3 í starfsleyfi þar sem rekstraraðila er bent á að halda rekstrarsvæðinu sínu snyrtilegu.

Reykjavík, 01.09.2025

Kjartan Guðmundsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta

